

ÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR

2013/EES/4/19

frá 6. júní 2001

um að koma á fót evrópskri verðbréfanefnd (*)

(tilkynnt með númeri C(2001) 1493)

(2001/528/EB)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

fyrir beitingu tilskipana og reglugerða til að taka mið af nýrri þróun á fjármálamörkuðum.

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Frelsi til að veita þjónustu og frjálsir fjármagnsflutningar eru meginmarkmið Bandalagsins eins og getur í 49. og 56. gr. EB-sáttmálans.
- 2) Að koma á einum heilum og óskiptum markaði fyrir fjármálaþjónustu í samræmi við meginregluna um opið markaðshagkerfi með frjálsri samkeppni hefur mikla þýðingu fyrir aukinn hagvöxt og atvinnusköpun í Bandalaginu.
- 3) Í aðgerðaáætlun framkvæmdastjórnarinnar um fjármálaþjónustu ⁽¹⁾ er gerð grein fyrir röð aðgerða sem krafist er til að gera einn óskiptan markað fyrir fjármálaþjónustu að veruleika og lögð er áhersla á að koma á fót nefnd á sviði verðbréfavíðskipta til að stuðla að gerð laga á sviði verðbréfavíðskipta í Bandalaginu.
- 4) Á fundi sínum í Lissabon í mars 2000 mæltist leiðtoga ráðið til þess að þessari aðgerðaáætlun yrði hrundið í framkvæmd eigi síðar en árið 2005.
- 5) Hinn 17. júlí 2000 skipaði ráðið vísdomsmannanefnd um regluverk yfir verðbréfa-markaði í Evrópu.
- 6) Í lokaskýrslu sinni fór vísdomsmannanefndin fram á að komið yrði á fót tveimur ráðgjafarnefndum, evrópsku verðbréfanefndinni, skipaðri háttsettum fulltrúum aðildarríkjanna, og samstarfsnefnd evrópskra verðbréfaeftirlitsaðila, skipaðri háttsettum fulltrúum innlendra, opinberra yfirvalda með sérfræðipækkingu á sviði verðbréfavíðskipta til þess, m.a., að vera framkvæmdastjórninni til ráðgjafar.
- 7) Í ályktun sinni um skilvirkara regluverk á verðbréfamarkaði í Evrópusambandinu fagnaði leiðtoga ráðið á fundi sínum í Stokkhólmi fyrirætlun framkvæmdastjórnarinnar um að koma þegar í stað á fót verðbréfanefnd skipaðri háttsettum embættismönnum frá aðildarríkjunum undir forsæti framkvæmdastjórnarinnar.
- 8) Í lokaskýrslu vísdomsmannanefndarinnar er lögð áhersla á nauðsyn þess að samþykkja framkvæmdarráðstafanir

- 9) Evrópska verðbréfanefndin skal starfa sem aðili sem tekur mál til athugunar og umræðu og sem er framkvæmdastjórninni til ráðgjafar á sviði verðbréfavíðskipta.
- 10) Evrópska verðbréfanefndin setur sér starfsreglur.
- 11) Með þessari ákvörðun er komið á fót evrópskri verðbréfanefnd sem hefur ráðgefandi hlutverki að gegna. Með fyrirvara um sérlög sem framkvæmdastjórnin leggur til og Evrópuþingið og ráðið samþykkir skal evrópska verðbréfanefndin einnig gegna hlutverki eftirlitsnefndar í samræmi við ákvörðunina frá 1999 um málsmeðferð í nefndum til aðstoðar framkvæmdastjórninni þegar hún tekur ákvarðanir um framkvæmdarráðstafanir skv. 202. gr. EB-sáttmálans,

ÁKVEÐIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

Nefnd um verðbréfavíðskipti í Bandalaginu, kölluð „evrópska verðbréfanefndin“ (hér á eftir kölluð „nefndin“) er hér með komið á fót.

2. gr.

Hlutverk nefndarinnar er að vera framkvæmdastjórninni til ráðgjafar um stefnumál sem og um lagafrumvörp sem framkvæmdastjórnin kann að samþykkja á sviði verðbréfavíðskipta.

3. gr.

Nefndina skipa háttsettir fulltrúar aðildarríkjanna undir formennsku fulltrúa framkvæmdastjórnarinnar.

Formaður samstarfsnefndar evrópskra verðbréfaeftirlitsaðila, sem komið var á fót með ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2001/527/EB ⁽²⁾, situr fundi nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi.

Nefndin getur óskað eftir að sérfræðingar og áheyrnarfulltrúar sitji fundi.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtuð. ESB L 191, 13.7.2001, bls. 45. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 81/2008 frá 4. júlí 2008 um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn, sjá EES-viðbætur við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 64, 23.10.2008, bls. 5.

⁽¹⁾ COM (1999) 232 lokaútgáfa.

⁽²⁾ Stjtuð. EB L 191, 13.7.2001, bls. 43.

4. gr.

Nefndinni er heimilt að koma á fót starfshópum.

5. gr.

Nefndin setur sér starfsreglur. Framkvæmdastjórnin skal sjá nefndinni fyrir skrifstofuaðstöðu og starfsliði.

6. gr.

Nefndin tekur til starfa 7. júní 2001.

Gjört í Brussel 6. júní 2001.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Frederik BOLKESTEIN

framkvæmdastjóri.
